

Bækur

KOLBRÚN BERGFÓRSDÓTTIR
kolbrun@mbl.is

BÓK VIKUNNAR Þú afhjúpar mig, hin erótíska skáldsaga Sylvíu Day, hefur selst í bílförnum víða um heim og nýtur vinsælda hér á landi. Rómantík og gnægð af kynlífi.



Orðanna hljóðan

BRESTIR
OG SNILLI-
GÁFA


Þegar mikill fjöldi góðra bóka kemur út svo að segja á sama tíma, eins og gerðist nú fyrir jólin, er hætt við að einhverjar gæðabækur týnist. Vonandi á það ekki við um **Endatafl**, ævisögu **Bobbys Fischers** eftir **Frank Brady**, því hún á skilið að fara víða. Hér á landi er hún



Boris Spasský, hinn móralski sigurvegari.

gefin út í að-gengilegri og fremur ódýrri kilju, þannig að þeir sem eru búnir að lesa innbundnu jólabækurnar sem þeir fengu að gjöf ættu að kaupa **Endatafl** fyrir sjálfa sig. Skák-áhugamenn munu líklega ekki láta þessa bók framhjá sér fara en það er engin nauðsyn að hafa lifandi áhuga á skákiþróttinni til að njóta bókarinnar. Maður þarf einungis að hafa áhuga á mannlegu eðli. Og þessi bók færir lesand-anum nóg umhugsunarefni um mannlega bresti og snilligáfu.

Endatafl er ævisaga snillings sem allt frá unga aldri var dattlungafulgur og erfíður persónuleiki og eins og íðulega gerist ágerðust gallar hans með árunum. Fischer var maður sem gat gerð vesen út af öllu og var oft óbærilegur í samspiktum. Engin takmörk voru fyrir sjálfhverfu hans, eins og bókin sýnir greinilega. Einnmitt þess vegna er eitt fyndnasta atriði bókarinnar þegar Fischer lýsir sjálf-



máladálki í dagblöðum þar sem hann auglýsir eftir komu og segist vera laglegur maður með góðan persónuleika. Ekkert var fjær lagi.

Endatafl bregður upp fremur samúðarfullri mynd af ungum, afar hæfileikamiklum og sérsinna unglíngi sem virðist ekki eiga mikla samleið með öðrum en nýtur sín til fulls við skákborðið. Eftir því sem snillingurinn eldist og verður erfíðari reynir mjög á samúð lesandans og undir lok bókar, þegar Fischer fagnar áráðinni á Tviburaturrnana og býlvar gyðingum, er samúð lesandans með honum á góðri leið með að gufa upp. En þá er bókinni líka svo að segja lokið. Þegar kemur síðan að dauða skáksnílingsins er lesandinn líklegur til að fyrirgefa honum alla hans mörgu galla og hafa skilning á því að geðheilsa þessa einstaka manns var ekki upp á sitt besta.

Hetja þessarar merkilegu ævisögu er hinn drenglyndi **Boris Spasský**, rússneski skákmaðurinn sem reyndist Fischer alla tíð traustur vinur. Hann er geðþekkasta og elskulegasta persónan í ævisögu sem er sneisafull af eftirminnilegum atvikum og minnisstæðum persónum.

SKÁLDSAGA UM AGNESI MAGNÚSDÓTTUR HEFUR VERIÐ SELD TIL 20 LANDA

Mótsagnakennd Agnes

HANNAH KENT HEFUR SKRIFAÐ SÖGULEGA SKÁLDSÖGU UM LÍF AGNESAR MAGNÚSDÓTTUR

Ástralski rithöfundurinn **Hannah Kent** hefur skrifað sögulega skáldsögu um líf **Agnesar Magnúsdóttur** sem var tekin af lífi árið 1830 fyrir morðið á Natan Ketilssyni. Bókin, sem nefnist á ensku **Burial Rites**, er fyrsta skáldsaga höfundarins og kemur út í Ástralíu í maí næstkomandi, en útgáfurétturinn hefur þegar verið seldur til um 20 landa. Hér á landi kemur skáldsagan út næsta haust hjá bókaforlaginu **Lesbók**.

Hannah, sem er 27 ára, dvaldist hér á landi sautján ára gömul í eitt ár sem skipti-nemi og hefur síðan komið hingað á tveggja til þriggja ára fresti. „Ég verð alltaf að koma aftur. Ég elska þetta land.“ segir hún. „Ég hef ferðast mikið og komið til margra landa þar sem ég kann vel við mig en þegar ég kom til Íslands varð ég ástfangin af landinu. Þegar ég var svo komin aftur til Ástralíu fylltist ég heimþrá, rétt eins og Ísland væri heimaland mitt. Hin sérkennilega fegurð í landslaginu heillar mig og ég hrifst einnig af fólkinu. Veðrið er svo alltaf áhugavert og hér sé ég snjó sem ég sé aldrei í Ástralíu. Ísland dregur mig að sér á einhvern hátt sem ég get ekki útskýrt.“

Hvernig fékkstu áhuga á Agnesi?

„Þegar ég kom fyrst hingað sautján ára gömul var ég á ferðalagi með Íslendingum og við komum á stað þar sem voru hæðir og hólur sem mér fundust sérstakir. Ég spurði hvort þarna væru grafir. Nei, landslagið er bara svona, var svarið, en þarna hinumegin fór fram síðasta aftaka á Íslandi. Ég fylltist samstundis áhuga og spurði hvað hefði gerst. Þá var mér sögð sagan af Agnesi, Natan og Friðriki. Á því ári sem ég var hér á landi lærði ég íslensku og fór að spyrja fólk um þessa gömlu sögu. Mér fannst athyglisvert að Agnes var alltaf sett í bakgrunninn og afgreidd sem vonda konan, en Natan og Friðrik voru í forgrunni. Enginn virtist hafa áhuga á sögu Agnesar. Mig langaði hins vegar til að vita meira um líf hennar. Þegar ég fór að kanna það sem hafði verið skrifað um



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Hannah Kent: „Mig langaði til að skrifa sögu Agnesar og gera hana mannlega.“

hana sá ég að henni var lýst sem vöndu konunni, eins konar lafði Macbeth. Ekkert okkar er algöð eða alvond manneskja heldur erum við þarna einhvers staðar mitt á milli. Agnesi var ekki lýst þannig.

Mig langaði til að skrifa sögu Agnesar og gera hana mannlega, mótsagnakennda og flókna eins og við öll erum. Og reyna líka að útskýra af hverju greind kona eins og hún – og heimildir segja hana hafa verið mjög greinda – var víðriðin morðmál sem var klaufalegt og illa ígrundað.

Í þessari bók er ég ekki að gera Agnesi saklausu heldur útskýra hvernig uppeldi hennar og tíðarandi sköpuðu aðstæður sem útskýra af hverju hún brást við eins og hún gerði.

Liggur mikil rannsóknarvinna á bak við þessa skáldsögu?

„Já, ég stundaði rannsóknir á Þjóðskjalasafninu og einnig á Stofnun Árna

Magnússonar. Ég var búin að skrifa heilmikið áður en þær rannsóknir hófust en þegar ég kom heim til Ástralíu skrifaði ég bókina upp á nýtt. Rannsóknirnar tóku um það bil tvö til þrjú ár og svo tóku við miklar skrifir.“

Útgáfurétturinn hefur verið seldur til fjölmargra landa. Þú hlýtur að vera yfir þig ánægð að fyrsta skáldsaga þín skuli fá slíkar viðtökur.

„Ég er mjög heppin. Þetta er eins og draumur, ég trúi því næstum ekki að þetta hafi gerst. Bókin kemur fyrst út í Ástralíu, síðan í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada og fleiri löndum, eins og Þýskalandi og Frakklandi. Ég er ánægðust með að bókin skuli koma út á Íslandi.“

Líf mitt hefur breyst því nú á ég næga peninga til að geta helgað mig skrifum en það er nokkuð sem mig hefur dreymt um frá því ég var barn.“

Í UPPÁHALDI

SIGGI HALL
MATREIÐSLUMEISTARI

Ernest Hemingway er í miklu uppáhaldi hjá Siggja Hall.

Uppáhaldsrithöfundar mínar eru **Halldór Laxness** og **Ernest Hemingway** sem kunna að segja góðar sögur sem halda manni. Þegar kemur að uppáhaldsbókum þá er **Íslandsklukkan** fremst í flokki núna og þar af leiðandi er **Jón Hreggviðsson** uppáhalds sögupersóna þessa stundina. **Ólafur Kárason** er líka sögupersóna sem er í uppáhaldi, en það er hins vegar langt síðan ég las **Heimsljós** og ég þarf að lesa hana aftur. Það var mikill upplifun þegar ég las **Hverjum klukkan glymur** eftir Hemingay. **Veisla í farangrinum** er líka í uppáhaldi, en hún gerist á skemmtilegu tímabili í París þar sem er mikill kúltúr og ástríða fyrir mat og vínun. Ég hef svo einstaklega gaman af að lesa **Góða dátann Sveik** og leita oft í hann. Ég er einnig hrifinn af nýrri höfundum eins og **Hallgrími Helgasynti**, **Einari Kárasynti** og **Einari Má Guðmundssyni**.



Morgunblaðið/Kristinn

Soggi Hall er mikill áhugamaður um bókmenntir.

Ég les jafnt á ensku sem íslensku og hef verið að lesa **John Irving**, sem má kannski segja að sé langlokuhöfundur sem skrifi mikið til um sömu hlutina, eins og glímumenn og bjarnaat. Svo á ég til að lesa nokkuð mikið um mannkynssögu og er núna að glugga í bækur um sögu Bandaríkjanna.